

# FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 131/173*  
*komudagur 24.11.2004*

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis  
b.t. Stefáns Árna Auðólfssonar  
v/ Austurvöll  
150 REYKJAVÍK

22. nóvember 2004

Tilvísun: 2004110024

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um staðgreiðslu opinberra gjalda og virðisaukaskatt, 35. mál, vanskil á vörslufé.**


Fjármálaeftirlitið vísar til bréfs yðar, dags. 11. nóvember 2004, þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um staðgreiðslu opinberra gjalda og virðisaukaskatt, 35. mál, vanskil á vörslufé.

Með frumvarpinu er lagt til að afnumið verði fésektarlágmark við tilteknum brotum sem 2. mgr. 30. gr. laga nr. 45/1987 og 1. mgr. 40. gr. laga nr. 50/1988 fjalla um. Er það gert með þeim rökum að umrædd brot séu eðlisólík öðrum skattalagabrotum, t.a.m. sé sjaldnast um að ræða vanhöld á færslu bókhalds, ekki sé fyrir að fara leynd á brotinu auk þess sem málsbætur séu umfram það sem vanalegt er vegna annarra skattalagabrota. Einnig er tilgangur breytingarinnar sagður sá að gefa dómstólum meira svigrúm til að ákveða refsingu.

Fjármálaeftirlitið hefur yfirfarið frumvarpið og gerir ekki athugasemdir við efni þess.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ



Páll Gunnar Rálsón



Rut Gunnarsdóttir